

# NOR - Tilkyning um keppni

Siglingadeild Snæfells tilkynnir hér með:

Æfingabúðamót verður haldið á kænum á Stykkishólmi laugardaginn 7.júlí 2012.

Keppendur tilkynni þátttöku til Unnar Láru á meðan á æfingabúðum stendur eða í tölvupósti á [unnurlara@hotmail.com](mailto:unnurlara@hotmail.com) fyrir fimmtudagskvöldið 5. júlí og skal fylgja fullt nafn keppanda, bátstegund og seglaauðkenni. Mótsgjald er 500 krónur og skal greiða á skipstjórafundi að morgni keppnisdags. Frekari fyrirmæli eru að finna í keppnistilkyningu hér að neðan.

## 1. Dagskrá

1. Mótið er haldið laugardaginn 7. júlí 2012.
2. Sigldar verða þrjár til sjö umferðir.
3. Skipstjórafundur er klukkan 9:30 að morgni mótsdags í aðstöðu Snæfells í Stykkishólshöfn.
4. Fyrsta umferð verður ræst klukkan 10:00 og þær næstu svo fljótt sem auðið er eftir að fyrri umferð lýkur.
5. Keppni getur verið felld niður eða frestað til sunnudagsmorguns samkvæmt ákvörðun keppnisstjórnar.
6. Tímasetningar geta breyst og eru tilkynntar á skipstjórafundi.
7. Úrslit verða kynnt í aðstöðu grunnskólans að loknum kepptum umferðum.

## 2. Reglur

1. Á mótinu gilda:
  - Kappsiglingareglur Alþjóðasiglingasambandsins.
  - Kappsiglingafyrirmæli Siglingasambands Íslands.
  - Reglur ÍSÍ um búnað og lyf.
  - Keppnisfyrirmæli keppnisstjórnar.
  - Ef íslenskar og enskar reglur stangast á þá gildir enska útgáfan.
2. Notað verður lágstigakerfi samkvæmt Viðauka A.
3. Keppnisfyrirmæli verða birt á skipstjórafundi.

## 3. Þátttökuréttur og skráning

1. Keppnin er opin kænum á [forgjafalista SÍL](#).
2. Tilkynna skal þátttöku til Unnar Láru á meðan á æfingabúðunum stendur eða í tölvupósti til keppnisstjóra, á tölvupóstfangið [unnurlara@hotmail.com](mailto:unnurlara@hotmail.com), fyrir miðnætti 5. júlí og tilgreina:
  - Gerð báts.
  - Nafn skipstjóra (og áhafnar, ef við á).
  - Seglanúmer.

3. Mótsgjald er 500 krónur á keppanda og greiðist á skipisstjórafundi í reiðufé.
4. Keppnisstjórn getur tekið við skráningu allt að skipisstjórafundi. Er keppnisgjald þá 1000 krónur á keppanda ef skráning berst eftir miðnætti á fimmtudagskvöldi 5.júlí og greiðist sömuleiðis á skipisstjórafundi.
4. Auglýsingar
  1. Um auglýsingar gilda samþykktir og reglur Siglingasambands Íslands.
  2. Keppendum getur verið gert að bera auglýsingar á bát eða búnaði.
5. Keppnissvæði og brautir
  1. Keppnissvæðið nær til siglingasvæðis í og við Stykkishólmshöfn.
  2. Upplýsingar um brautir verða gefnar á skipisstjórafundi, það er á ábyrgð hvers keppanda að afla sér upplýsingar um brautina.
6. Flokkar og verðlaun
  1. Keppt verður í sér flokki fyrir hverja bátsgerð auk opins flokks.
  2. Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu þrjú sæti í hverjum flokki sem minnst þrjú bátar hefja keppni í.
  3. Í opnum flokki eru veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í flokkum sem ekki veita verðlaun, taki minnst þrjú bátar þátt í honum.
  4. Keppnisstjórn kann að breyta flokkum til hagræðis á skipisstjórafundi.
7. Bátar og búnaður
  1. Bátar og búnaður skulu uppfylla skilyrði flokksregla.
  2. Keppnisstjórn getur tekið báta og búnað til skoðunar og/ eða mælingar hvenær sem er meðan á móti stendur.
8. Fjarskipti
  1. Bátur skal ekki eiga talstöðvarsamskipti meðan á keppni stendur önnur en þau sem heyra má í öllum bátum. Þetta á einnig við um farsíma.
9. Ábyrgð
  1. Þátttakendur taka þátt í mótinu algerlega á eigin ábyrgð. Keppnisstjórn fírrar sig allri ábyrgð vegna tjóns, líkamsskaða eða dauða í tengslum við mótið.

Skilið svo til keppnisstjórnar, FYRIR skipisstjórafund: 500,- kr fyrir hvern keppanda í seðlum.